

aura gulls ok mikit fé annat.<sup>1</sup> Synir Gellis váru þeir Porkell ok Þorgils; sonr Þorgils var Ari inn fróði; sonr Ara hét Þorgils; hans sonr var Ari inn sterki.<sup>2</sup>

Nú tekr Guðrún mjök at eldask ok lifði við slíka harma, sem nú var frá sagt um hrið. Hon var fyrst nunna á Íslandi ok einsetukona; er þat ok almæli, at Guðrún hafi verit gófgust jafnborinna kvenna hér á landi. Frá því er sagt eitthvert sinn, at Bolli kom til Helgafells, því at Guðrúnu þótti ávallt gott, er hann kom at finna hana. Bolli sat hjá móður sinni lönfum, ok varð þeim mart talat. Þá mælti Bolli: „Muntu segja mér þat, móðir, at mér er forvitni á at vita? Hverjum hefir þú manni mest unnt?“ Guðrún svarar: „Porkell var maðr ríkastr ok höfðingi mestr, en engi var maðr gørviligri en Bolli ok albetr at sér. Þórðr Ingunnarson var maðr þeira vitrastr ok lagamaðr mestr. Þorvalds get ek at engu.“ Þá segir Bolli: „Skil ek þetta gørla, hvat þú segir mér frá því, hversu hverjum var farit bænda þinna, en hitt verðr enn ekki sagt, hverjum þú unnir mest; þarftu nú ekki at leyna því lengr.“ Guðrún svarar: „Fast skorar þú þetta, sonr minn,“ segir Guðrún, „en ef ek skal þat nokkurum segja, þá mun ek þik helzt velja til þess.“ Bolli bað hana svá gera. Þá mælti Guðrún: „Þeim var ek verst, er ek unna mest.“ „Þat hyggju vér,“ svarar Bolli, „at nú sé sagt alleinarðliga,“ — ok kvað hana vel hafa gørt, er hon sagði þetta, er hann forvitnaði.<sup>3</sup> Guðrún varð gømul kona, ok er þat søgn manna, at

í ættartölu Reyknésinga í Landn. (171. kap.).

<sup>1</sup> Um verðmæti *tölf aura gulls* sjá útreikninginn á bls. 25—6 hér að framan.

<sup>2</sup> Um þá ættmenn sjá ennfr. sögu-

lokin, Íslb. Ara og formála Snorra að Heimskr. Þorgils Arason er nefndur í Prestatali (Í. Fbrs. I 186, 191), en bæði hann og Ari sterki í Sturlungu.

<sup>3</sup> *forvitnaði: spurði; hætta nú þessu tali; ferr þá Bolli heim C.*